

**Nd.**

**347. Tillaga**

til þingsályktunar um raforkuveitu til almenningsnota.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson, Einar Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa raforkuveitu til almenningsnota á því svæði, sem staðhættir þykja bestir, með

vatnsaflí úr Árbæjarfossi eða Tungufossi í Rangám ytri og eystri, og hlutist til um að koma á raforkuveitufjelagi á svæðinu.

### Greinargerð.

Á síðari árum hefir á ýmsum sveitabæjum verið komið upp rafmagnsstöðvum, þar sem vel hagar til. Þetta hefir leitt í ljós, að rafmagn til heimilisnotkunar í sveitum eru einhverjar alþýðingarmestu framfarir fyrir landbúnaðinn. Þær spara eldsneyti (áburðinn) og gera sveitirnar vistlegri. Rafveitur til sveita eru því hinn tryggasti ræktunargrundvöllur og um leið óbrigðulasta ráðið til að halda fólki í sveitunum.

Á langflestum sveitabæjum hagar þannig til, að ekki er hægt að koma upp rafmagnsstöðvum, enda eru stöðvar fyrir einstaka bæi oftast nær dýrar og ótryggar að tiltölu við notagildi. Þess vegna er nauðsynlegt að virkja vatnsafl í stærri stíl og veita rafmagninu um sveitirnar. Ennþá hefir engri slikri almennings rafveitu verið komið á fót hjer á landi, og má svo búið ekki lengur standa.

Árið 1922 gerði Guðmundur Hliðdal verkfræðingur áætlun fyrir raforkuveitu frá Árbæjarfossi fyrir mestan hluta af Ásahreppi, þar á meðal sveitaþorpið Pykkvabæ. Á síðastliðnu ári hefir Steingrímur Jónsson verkfræðingur gert áætlun um raforkuveitu frá Tungufossi fyrir Hvolhrepp, Fljótshlíð, nokkurt svæði þar í kring og jafnvel leiðslu þaðan um Landeyjar til Vestmannaeyja.

Áætlanir þessar benda ótvírætt til þess, að slik fyrirtæki eigi fullan rjett á sjer á þessum svæðum, og ennfremur, að sameina megi bæði fyrirtækin þannig, að aðeins annar fossinn verði virkjaður. Til þess nú að koma málinu á vissan og tryggan grundvöll, er nauðsynlegt, að ríkið hafi forustu og undirbúning málsins í sínum höndum og styðji að því, að fyrirtækið komist á fót, ef sýnt þykir, að það sje til hagsmuna og framfara, sem miklar horfur eru á.